

Samþykktir Sameinaða lífeyrissjóðsins

Í gildi frá 30. júní 2010

Samþykktar á ársfundi sjóðsins 27. maí 2010
Samþykktar af fjármálaráðuneytinu 16. júní 2010

I. kafli.

Hlutverk, skipulag, tryggingafræðileg athugun, ávöxtun og iðgjöld Gr. 1-10

1. Nafn sjóðsins og heimili.

1.1

Sjóðurinn heitir Sameinaði lífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.

2.2

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár.

2.3

Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktá þessara.

3. Sjóðfélagar.

3.1

Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launþegar sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og kjarasamningar eða viðurkenndir launataxtar um lágmarkskjör milli samtaka vinnuveitenda og eftirtalinna stéttarféлага ná til:

AFL. Starfsgreinafélag Austurlands, málmiðnaðardeild

Fagfélagið

Félag bókkagerðarmanna

Félag iðn- og tæknigreina

Félag málmiðnaðarmanna Akureyri

Félag skipstjórnarmanna

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sauðárkróki

Stéttarfélag Vesturlands, iðnaðarmannadeild

Veggfóðrarafélag Reykjavíkur

Verkstjórasamband Íslands

Þingið

3.2

Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Sé starfsmanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til skyldutryggingar í þessum sjóði.

3.3

Heimilt er launþega, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum og öðrum einstaklingum sem ekki er skylt að greiða til annars lífeyrissjóðs, en óska eftir aðild að sjóðnum, heimil sjóðsaðild. Í sambandi við biðtímaákvæði gr. 13.-14. skal réttindatími manns, er gerist sjóðfélagi samkvæmt þessari málsgrein, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum í fyrsta sinn.

3.4

Nú óskar verkalýðsfélag, sem ekki á aðild að öðrum lífeyrissjóði, eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum verkalýðsfélagsins og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar, enda ber þá öllum félagsmönnum þess félags skylda til þess, að vera félagar í þessum sjóði. Ennfremur er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Brottfall aðildar skulu aðildarfélög sjóðsins tilkynna skriflega með 6 mánaða fyrirvara og miðast við áramót.

3.5

Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

3.6

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að áunninn réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997.

3.7

Þeir sem greiða til séreignardeildar eru réttthafar þeirrar deildar. Um réttindi þeirra og skyldur gilda ákvæði 28. greinar.

3.8

Aðild að sjóðnum fellur niður, ef sjóðfélagi fær réttindi sín útborguð í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

4. Stjórn sjóðsins.

4.1

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Helmingur stjórnarmanna skal kosinn af launþegum og helmingur af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launþega fer fram á aðalfundi fulltrúaráðsins, en framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kýs fulltrúa vinnuveitenda.

4.2

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal annað árið kjósa 2 fulltrúa launþega og hitt árið 1. Sama gildir um fulltrúa vinnuveitenda. Jafn marga varamenn og aðalmenn skal kjósa og með sama hætti og til sama tíma og aðalmenn.

4.3

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Um hæfi stjórnarmanns til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Þá skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

4.4

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna eru mættir eða

varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu, ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

4.5

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit.

4.5.1

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.

4.5.2

Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

4.6

Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

4.6.1

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi skv. gr. 5 og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

4.6.2

Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

4.7

Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir gr. 4.3. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.

4.7.1

Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

4.7.2

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

5.1

Ársfund lífeyrissjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðru vísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar og fulltrúar kosnir í fulltrúaráð eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir og skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög sem aðild eiga að sjóðnum, óska eftir því. Stjórn sjóðsins boðar til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með mest fjögurra vikna fyrirvara og minnst tveggja vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í minnst einu dagblaði og útvarpsstöð með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

5.2

Fulltrúaráð. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum.

5.2.1

Fulltrúar stéttarfélaga skulu valdir þannig að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum skv. gr. 3.1 kys úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 virka félagsmenn, sem jafnframt eru virkir sjóðfélagar í sjóðnum og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Jafnmargir fulltrúar skulu kosnir til vara.

Með virkum félagsmönnum og sjóðfélögum er átt við félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi, sem greiða félagsgjöld til stéttarfélagsins og samhliða lífeyrisðgjöld til sjóðsins svo og ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega sem aðild eiga að sjóðnum og viðkomandi stéttarfélagi. Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu þau stéttarfélög, sem aðild eiga að sjóðnum senda sjóðnum lista á tölvutæku formi yfir alla félagsmenn sína eða þá félagsmenn sína sem þau telja að uppfylli ofangreind skilyrði pr. 31. desember á undan. A.m.k. tveimur mánuðum fyrir boðaðan ársfund skal stjórn sjóðsins hafa borið þessi gögn saman við skrár sjóðsins og hafa úthlutað fjölda fulltrúa hvers félags í samræmi við ofanritað.

5.2.2

Eftirtalin samtök atvinnurekenda hafa aðild að sjóðnum:

Bílgreinasambandið

Félag blikksmiðjueigenda

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda

Félag pípulagningameistara

Félag skrudgarðyrkjumeistara

Félag veggfóðrarameistara

Landssamband veiðarfæragerða

Málarameistarafélag Reykjavíkur

Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði

Meistarafélag bólstrara

Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
Meistarafélag Suðurlands
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Samband garðyrkjubænda
Samtök atvinnulífsins
Samtök iðnaðarins

Framangreind samtök vinnuveitenda, sem aðild eiga að sjóðnum tilnefna jafn marga fulltrúa úr sínum röðum og viðkomandi stéttarfélag kýs. Þegar fyrir liggur hver fulltrúafjöldi stéttarfélaganna er, skal viðkomandi atvinnurekendafélagi tilkynnt um fjölda þann, sem það á rétt á að tilnefna. Í þeim tilfellum þar sem ekki er mótsvarandi félag atvinnurekenda tilnefnir Samtök atvinnulífsins fulltrúa, þannig að heildarfjöldi fulltrúa vinnuveitenda sé jafn fulltrúum stéttarfélaganna.

5.3

Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðru vísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

5.4

Á ársfundi skal tekið fyrir:

5.4.1

Skýrsla stjórnar.

5.4.2

Kynning og afgreiðsla ársreiknings.

5.4.3

Laun stjórnar og skoðunarmanna.

5.4.4

Gera grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.

5.4.5

Gera grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

5.4.6

Stjórnarkjör, samkvæmt gr. 4.1.

5.4.7

Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs. Einnig skal kjósa löggiltan endurskoðanda til eins árs

5.4.8

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 31. greinar.

5.4.9

Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Deildaskipting

6.1

Sjóðurinn starfar í tveimur aðaldeildum:

6.1.1

Tryggingadeild.

6.1.2

Séreignardeild.

6.2

Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hvorrar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Deildirnar bera ekki fjárhagslega ábyrgð hvor á annarri.

7. Afgreiðsla reikninga og endurskoðun.

7.1

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórn sjóðsins ræður og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum sbr. gr. 5.4.7.

8. Tryggingafræðileg athugun.

8.1

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum tryggingadeildar lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar fyrir tryggingadeild sjóðsins skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði gr. 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun. Tryggingafræðileg athugun skal framkvæmd í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997.

8.2

Hrein eign tryggingadeildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafn há núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við greiðandi sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.

8.3

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga tryggingadeildar sjóðsins, skv. 8.2, er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að grípa til aðgerða í samræmi við lög nr. 129/1997. Sama á við ef munur, samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga tryggingadeildar sjóðsins, hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

9. Ávöxtun fjár sjóðsins.

9.1

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingastefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

9.2

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaförum, sbr. gr. 9.1. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

10. Iðgjöld

10.1

Iðgjald sem greitt er til sjóðsins skal nema 12% hið minnsta af launum þeim sem tilgreind eru í gr. 10.2 og 10.3. Sé um launþega að ræða, skiptist lágmarksiðgjald þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 8%.

10.2.

Lágmarksiðgjald samkvæmt gr.10.1 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1.mgr. 1.tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarféлага og bætur tryggingaféлага vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

10.3

Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

10.4

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

10.5

Launagreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Jafnframt skal launagreiðandi senda sjóðnum skilagreinar um iðgjöldin. Komi skilagreinar ekki fram, er sjóðnum heimilt að áætla iðgjöldin og innheimta þau með sama hætti og innsendar skilagreinar. Komi skilagreinar síðar fram, leiðréttist áætlun til samræmis við þær. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldalagi til greiðsludags samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Launagreiðenda og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi, þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar hafa látið af störfum.

10.6

Sjóðurinn skal senda lokaadvörun til launagreiðenda við lok þriggja mánaða vanskila á iðgjöldum samkvæmt innsendum skilagreinum. Innan 15 daga frá útsendingu advörunar skal sjóðurinn láta hefja formlega innheimtu vanskilanna.

10.7

Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki, sem þau fást greidd. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila framangreindum yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

10.8

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.

10.9

Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. gr. 10.8 fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10.10

Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. gr. 10.7 og 10.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. gr. laga nr. 53/1993.

II. kafli. Tryggingadeild. Gr. 11-14

11. Grundvöllur lífeyrisréttinda

11.1

Tryggingadeild samkvæmt samþykktum þessum yfirtekur áunnin réttindi tryggingadeildar aldursháð réttindakerfi og tryggingadeildar stigakerfi samkvæmt þeim réttindareglum sem um þær deildir giltu fyrir gildistöku samþykktu þessara sbr. gr. 32.1. Jafnframt yfirtekur deildin eignir þessara deilda frá sama tíma.

11.2

Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til elli- og örorkulífeyris og maka og börnum sínum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í greinum 12 til og með 14 og réttindatöflum sjóðsins T1 til T4 sem birtar eru í viðauka við samþykktir þessar og eru hluti þeirra.

11.3

Tafla T1a sýnir árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald greiddu á tilteknu aldursári. Tafla T1b er notuð til útreiknings jafnrar réttindaávinnslu en talan í töflunni er meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára úr töflu T1a. Tafla T2 sýnir réttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er til sjóðsins sem eingreiðsla. Ekki eru innifalin réttindi til framreiknings eða fjölskyldubóta með eingreiðslu iðgjalda. Tafla T3 sýnir annars vegar lækun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur og hins vegar hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur. Tafla T4 sýnir árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára. Iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

11.3.1

Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu T1a í viðauka, sbr. þó gr. 11.5.

11.3.2

Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af.

11.4

Krónutölur í samþykktum þessum breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildi hennar í janúar 1997, 177,8 stigum.

11.5

Sjóðfélagi sem myndað hefur réttindi í tryggingadeild; stigakerfi samkvæmt eldri samþykktum er heimilt að greiða áfram til tryggingadeildar í jafnri ávinnslu, skv. töflu T1b, tiltekið hámark sem er jafnt þeim iðgjöldum sem sjóðfélaginn greiddi til tryggingadeildar stigakerfis á árinu 2005. Hámarkið, hér eftir nefnt viðmiðunariðgjald, skal reiknað fyrir hvern sjóðfélagi og upplýsti sjóðurinn hann um viðmiðunariðgjaldið fyrir 1. maí 2007. Hafi sjóðfélaginn ekki talið viðmiðunariðgjaldið rétt vegna vanskila launagreiðanda eða óframkominna skilagreina skal hann hafa gert sjóðnum viðvart innan 3ja mánaða frá móttöku bréfs um viðmiðunariðgjald.

11.5.1

Viðmiðunariðgjald reiknast ekki fyrir sjóðfélagi sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. janúar 2006. Viðmiðunariðgjald tekur breytingum í hlutfalli við breytinga á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá árslokum 2005 til meðaltals vísitölu neysluverðs greiðsluárs hverju sinni.

11.5.2

Sjóðfélagar með skilgreint viðmiðunariðgjald hafa heimild til réttindaöflunar í jafnri ávinnslu skv. töflu T1b frá 25 ára aldri og að hámarki til 70 ára aldurs. Iðgjald sem berst umfram viðmiðunariðgjald samkv. gr. 11.5 myndar réttindi samkvæmt töflu T1a í viðauka.

- 11.5.3 Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. gr. 11.5, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið sbr. gr. 11.5.2 og 11.5.5.
- 11.5.4 Sjóðfélagi sem hefur skilgreint viðmiðunariðgjald getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem skrifleg tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkallanleg.
- 11.5.5 Jafnóðum og iðgjöld tiltekins almanaksárs berast vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal skipta því á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist. Sá hluti iðgjalda hvers mánaðar sem er umfram viðmiðunariðgjald mánaðarins ávinna honum réttindi skv. gr. 11.5.2. Greiði sjóðfélagi ekki iðgjöld alla mánuði tiltekins almanaksárs skal reikna viðmiðunariðgjald hans í hlutfalli við fjölda greiddra mánaða.
- 11.6 Eigi sjóðfélagi við útreikning örorku- og makalífeyrisréttinda rétt vegna fleiri en 30 ára skulu þau reiknuð þannig að réttindi vegna 30 bestu árána skulu talin að fullu, en réttindi vegna þess sem umfram er að hálfu. Þó skulu lífeyrisréttindi aldrei reiknast lægri en áunnin réttindi. Við framkvæmd reglu þessarar skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi.
- 11.7 Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Ákveði stjórnin lækun á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindalækkunina á sama hátt og réttindaaukningu nema að lækunin kemur til frádráttar áunnum réttindum.
- 11.8 Á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldurskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur sem lagðar skulu fyrir ársfund til samþykktar. Í tillögunni skal kveðið á um gildistöku dag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku dag hinna nýju taflna.
- 11.9 Stjórn sjóðsins skal í samráði við tryggingafræðing gefa út reglur um úthlutun hagnaðar sem lagðar skulu fyrir ársfund til samþykktar. Skal við það miðað að úthlutun hagnaðar sé í hlutfalli við það sem hver sjóðfélagi reiknast hafa lagt til myndunar hans miðað við gildandi reiknigrundvöll. Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga skulu aukin með því að verja hagnaði eða hluta hans sem aukaiðgjaldi til sjóðsins, þannig að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukast samkvæmt töflu T2. Hagnaði, sem myndast vegna viðbótariðgjalds, skal varið til aukningar samskonar réttinda.
- 11.10 Við réttindaflutning til sjóðsins skal miða við eingreiðslutöflu T2.
- 11.11 Sjóðfélögum sem uppfyllt hafa skilyrði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda með greiðslu iðgjalds til öflunar lágmarkstryggingarverndar í deildinni sbr. gr. 10, er heimilt að greiða viðbótariðgjald til öflunar réttinda í Tryggingadeild og fer um slík iðgjöld eftir ákvæðum III. kafla.

11.11.1

Ráðstöfun viðbótariðgjalds er samkvæmt vali sjóðfélagsins með þeim takmörkunum sem samþykktirnar setja. Við upphaf greiðslna viðbótariðgjalds skal gera sérstakan samning í samræmi við 1. mgr. 8.gr.laga nr. 129/1997. Í samningnum skal tiltaka ráðstöfun iðgjalds, sem greitt er og önnur þau atriði, sem tilgreind eru í 6. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Heimilt er að segja samningum upp með 6 mánaða fyrirvara.

12. Ellilífeyrisdeild.

12.1

Sérhver sjóðfélagi, sem orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

12.2

Upphæð ellilífeyris ákvarðast af því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins. Réttindi fyrir greitt iðgjald eru ákvörðuð í samræmi við gr. 11, sbr. þó gr. 12.4 um gagnkvæma og jafna skiptingu ellilífeyrisréttinda.

12.3

Sjóðfélagi er heimilt að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá lífeyrir, sem aflað er fyrir 67 ára aldur samkvæmt töflu T3. Sjóðfélagi er einnig heimilt að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs og lækkar þá lífeyrir samkvæmt töflu T3. Réttindi sem aflað er eftir að 67 ára aldri er náð fer eftir töflu T4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu réttindi hans reiknuð á ný er hann hefur náð 67 ára aldri og aftur þegar 70 ára aldri er náð. Stjórn sjóðsins getur ákvarðað tíðari endurúrskurði vegna iðgjalda sem berast eftir að taka lífeyris hefst.

12.4

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
2. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins
3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

13. Örorkulífeyrisdeild.

13.1

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. gr. 13.2 og greitt hefur í lífeyrissjóð í samtals 24 mánuði, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi fram að orkutapi.

13.1.1

Réttur til örorkulífeyris myndast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og frá öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s. frv.

13.1.2

Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbættar til úrskurðardags. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu.

13.2

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

13.2.1

Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

13.3

Þegar skilyrði gr. 13.1. og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt gr. 11 að viðbættum lífeyri sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt gr. 13.4, enda hafi sjóðfélagi:

- a.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k 30.000 kr. hvert þessara þriggja ára,
- b.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c.) ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.

13.3.1

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs, sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

13.3.2

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, myndast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.

13.3.3

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið gr. 13.3, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings, sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms,

leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur myndast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

13.4

Eigi sjóðfélagi sem ekki hefur náð 65 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt gr. 13.3 á framreikningi réttinda skal sá framreikningur vera sem hér segir:

13.4.1

Reikna skal meðaltal iðgjaldagreiðslna sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó gr. 11.7. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal iðgjaldagreiðslna fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

13.4.2

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal iðgjaldagreiðslna hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

13.4.3

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 30.000 kr. á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum. Skal þá framreikningstíminn stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg iðgjöld hafa verið undir 30.000 kr. og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

13.4.4

Nemi meðaltal árlegra iðgjaldagreiðslna, sem miða skal framreikning við samkvæmt gr. 13.4.1 eða 13.4.2 meira en 120.000 kr., skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs reiknað með 120.000 kr. iðgjöldum á ári að viðbættum helmingi þeirra iðgjalda sem umfram eru.

13.4.5

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð réttindi aldrei reiknast meiri en þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

13.5

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó gr. 13.1.

13.6

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. gr. 13.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.

13.7

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

13.8

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan eykst til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan jókst, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði. Nú eru greiðslur til sjóðfélaga felldar niður þar sem orkutap er ekki lengur fyrir hendi en síðan sækir sjóðfélagi um

greiðslur aftur vegna sömu ástæðu og fyrri úrskurður var byggður á. Komi sú umsókn innan þriggja ára frá því greiðslur voru felldar niður verður fyrri úrskurður látinn gilda, annars skal úrskurðað að nýju. Aldrei skal sjóðfélagi fái lægri greiðslur en skv. fyrri úrskurði m.v. sama örorkustig

13.9

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna réttinda skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um og vegna þess tíma sem sjóðfélagi hefur notið örorkulífeyris, réttindi vegna iðgjalda, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin réttindi vera meiri en svo, að heildarréttindi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

14. Fjölskyldulífeyrisdeild.

14.1. Makalífeyrir.

14.1.1

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, öðlast hafði rétt til framreiknings eða hafði greitt iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði gr. 14.1.3, 14.1.4, eða 14.1.5. eru uppfyllt.

14.1.2

Óskertur makalífeyrir sbr. gr. 14.1.6 skal þó ætíð greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum gr. 14.1.3, 14.1.4 eða 14.1.5.

14.1.3

Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir samkvæmt gr. 14.1.6 lækka um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

14.1.4

Yngsta barn, sem sjóðfélagi hefur framfært með eftirlifandi maka sínum, er yngra en 22 ára og á framfæri maka og er þá lífeyrir greiddur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka.

14.1.5

Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 50% öryrki og skal þá greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

14.1.6

Upphæð óskerts makalífeyris nemur 60% af áunnum ellilífeyrisréttindum miðað við 67 ára lífeyrisaldur. Þegar skilyrði gr. 14.1.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna réttinda telja þau réttindi sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði gr. 13.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna réttindin frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri í samræmi við ákvæði gr. 13.9, en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við réttindi þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal því aðeins beitt framreikningi úr þessum sjóði, að sjóðfélagi hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs, sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða. Séu skilyrði gr. 14.1.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 20. grein.

14.1.7

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14.1.8

Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt gr. 14.1.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

14.2 Barnalífeyrir.

14.2.1

Við fráfall eða örorku sjóðfélaga öðlast barn sjóðfélag rétt til barnalífeyris í samræmi við neðangreindar reglur til 18 ára aldurs barns.

14.2.2

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins a. m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings og lætur eftir sig barn og á þá barnið rétt á barnalífeyri.

14.2.3

Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast barn hans fætt fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, sama rétt og barn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt gr. 14.2.2. Sama rétt hefur kjörbarn, sem ættleitt hefur verið fyrir orkutap. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt gr. 13 metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

14.2.4

Sjóðfélagi, sem náð hefur 67 ára aldri og hafið hefur töku ellilífeyris, og á barn sem fætt er áður en sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, á rétt á barnalífeyri, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og verið eigi minna en 30.000 kr. hvert þessara þriggja ára. Sami réttur er vegna kjörbarna, sem sjóðfélagi hefur ættleitt og framfært að mestu eða öllu leyti a.m.k. frá lokum þess árs er hann náði 62 ára aldri.

14.2.5

Öðlist barn rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs, sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

14.2.6

Barnalífeyrir með hverju barni nemur kr. 11.843 fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 230,1 stigum í febrúar 2004. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg iðgjöld, áætluð í samræmi við gr. 13.4, eru a.m.k. 60.000 kr.. Séu áætluð árleg iðgjöld lægri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegar iðgjaldgreiðslur eru lægri en 30.000 kr.

14.2.7

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri enda hafi sjóðfélagi ekki hafið töku ellilífeyris. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörborn væri að ræða.

14.2.8

Barnalífeyrir greiðist lögráðamanni barnsins fyrir þess hönd. Þegar barnalífeyrir greiðist samhliða ellilífeyri þá greiðist hann þó sjóðfélaga.

14.3 Fjölskyldubætur.

14.3.1

Til viðbótar þeim fjölskyldulífeyri sem skilgreindur er að ofan, skal sjóðurinn greiða til eftirlifandi maka eða barna, eingreiðslu við andlát sjóðfélaga, enda sé hinn látni yngri en 67 ára og börn hins látna yngri en 19 ára.

14.3.2

Barnabætur nema eins mánaða barnalífeyri skv. gr. 14.2.6 til hvers barns margfölduðum með fjölda mánaða sem iðgjöld bárust sjóðnum sl. 12 mánuði fyrir andlát sjóðfélaga.

14.3.3

Greiðslur til maka nema 8,5 földum iðgjöldum, sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna sjóðfélagans síðustu 12 mánuði fyrir andlát. Hafi iðgjaldagreiðslur lækkað eða fallið niður vegna veikinda er sjóðstjórn þó heimilt að leggja annað tólf mánaðartímabil til grundvallar, sem þó skal vera innan 18 mánaða fyrir andlát.

14.3.4

Fjárhæðir skv. gr. 14.3.3 lækka um 6% fyrir hvert ár sem sjóðfélagi er eldri en 45 ára, þó skal lækkun ekki nema meir en 90%.

III. kafli. Valkvæð aukning réttinda.

Gr. 15-19

15. Ellilífeyrir.

15.1

Með greiðslu iðgjalds til öflunar ellilífeyrisréttinda öðlast sjóðfélagi rétt til ævilangs ellilífeyris frá 67 ára aldri. Upphæð ellilífeyrisréttinda ræðst af upphæð iðgjalds og aldri sjóðfélaga, þegar greiðsla berst sjóðnum, eins og segir í töflu V1.

15.2

Ellilífeyrir greiðist með mánaðarlegum greiðslum eftir á. Heimilt er að flýta töku lífeyris allt fram til 62 ára aldurs. Einnig er heimilt að fresta töku lífeyris um eitt ár í senn til 72 ára aldurs. Við frestun eða flýtingu lífeyris breytist fjárhæð lífeyris eins og fram kemur í töflu V2.

16. Ellilífeyrir með örorkuvernd.

16.1

Með greiðslu iðgjalds til öflunar ellilífeyrisréttinda með örorkuvernd öðlast sjóðfélagi rétt til örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs auk ellilífeyris í samræmi við ákvæði 15. greinar, ef hann verður fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira.

16.2

Sjóðfélagi sem ekki er orðinn 67 ára og verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. gr. 13.2 og greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri í samræmi við áunnin ellilífeyrisréttindi vegna iðgjalda sem greidd hafa verið fram að orkutapi skv. gr. 16.1.

16.2.1

Réttur til örorkulífeyris myndast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir frá sjóðnum vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

16.3

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

16.3.1

Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

16.4

Þegar skilyrði 16.2 og þessa töluliðs er uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn ellilífeyrisrétt vegna iðgjalda sem greidd hafa verið skv. gr. 16.1, að viðbættum ellilífeyrisrétti, er svarar til þeirra réttinda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt töflu V3 miðað við iðgjaldagreiðslur skv. gr. 16.5 enda hafi sjóðfélagi:

- a.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og greitt iðgjald sem ekki er lægra en kr. 30.000, hvert þessara þriggja ára,
- b.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
- c.) ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.

- 16.4.1 Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 16.4.2 Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, myndast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.
- 16.4.3 Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið gr. 16.4, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings, sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur myndast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.
- 16.5 Eigi sjóðfélagi sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt gr. 16.4 á framreikningi réttinda, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 16.5.1 Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga sem greidd hafa verið skv. gr. 16.1. næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal iðgjalda fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- 16.5.2 Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- 16.5.3 Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 30.000 kr. á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum. Skal þá framreikningstíminn stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa verið undir 30.000 kr. og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 16.5.4 Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt gr. 16.5.1 eða 16.5.2 meira en 120.000 kr., skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með 120.000 kr. á ári að viðbættum helmingi þeirra iðgjalda sem umfram eru.
- 16.5.5 Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð iðgjöld aldrei reiknast meiri en þau iðgjöld sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

- 16.6 Örorculífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorculífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó gr. 16.2.
- 16.7 Örorculífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorculífeyrir ef orkutap, skv. gr. 16.3 hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 16.8 Skyllt er sjóðfélaga, sem sækir um örorculífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 16.9 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorculífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorculífeyrinn, ef örorcan eykst til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorcan jókst, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 16.10 Örorculífeyrir úr valdeild fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skv. gr. 16.1 skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna iðgjalda skal reikna að þeim hluta er hundradshluti örorcu segir til um, iðgjöld, sem við úrskurð örorculífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin iðgjöld vera meiri en svo, að heildariðgjöld hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.
- 17. Makalífeyrir við fráfall.**
- 17.1 Með greiðslu iðgjalds til öflunar makalífeyrisréttinda samkvæmt þessari grein, myndast réttur til greiðslu lífeyris til maka sjóðfélaga við fráfall sjóðfélagans. Öflun réttinda fyrir greitt iðgjald fer eftir aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds samkvæmt töflu V4. Skilgreining rétthafa er með sama hætti og í II. kafla samþykka þessara. Makalífeyrir greiðist frá fráfalli sjóðfélaga og ævilangt, sjá þó ákvæði gr. 14.1.7.
- 17.2 Séu skilyrði greinar gr. 14.1.1 um iðgjaldagreiðslur uppfylltar fyrir iðgjaldagreiðslur skv. gr. 17.1, skal auk áunninna makalífeyrisréttinda skv. gr. 17.1. telja þau réttindi sem ætla má að sjóðfélagi hafi áunnið sér til 67 ára reiknað í samræmi við gr. 16.5.
- 18. Makalífeyrir eftir 67 ára aldur**
- 18.1 Með greiðslu iðgjalds til öflunar makalífeyrisréttinda samkvæmt þessari grein myndast réttur til greiðslu lífeyris til maka sjóðfélaga, sem greiðist frá 67 ára aldri maka, ef sjóðfélagi er þá látinn. Öflun réttinda fyrir greitt iðgjald fer eftir aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds samkvæmt töflu V5. Skilgreining rétthafa er með sama hætti og í II. kafla samþykka þessara. Makalífeyrir greiðist frá fráfalli sjóðfélaga og ævilangt, sjá þó ákvæði gr. 14.1.7.
- 18.2 Séu skilyrði greinar 14.1.1 um iðgjaldagreiðslur uppfylltar fyrir iðgjaldagreiðslur skv. gr. 18.1, skal auk áunninna makalífeyrisréttinda skv. gr. 18.1. telja þau réttindi sem ætla má að sjóðfélagi hefði áunnið sér til 67 ára, reiknað í samræmi við gr. 16.5.
19. Makalífeyrisréttur getur aldrei orðið hærri en samanlagður ellilífeyrir sjóðfélaga úr lágmarkstryggingavernd og vegna viðbótariðgjalda.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

Gr. 20-27

20. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

20.1

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

20.2

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi fellur niður réttur til framreiknings réttinda samkvæmt gr. 13.3., 14.1.6, 16.4, 17.2 og 18.2. Skulu þá áunnin réttindi geymd.

20.3

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó gr. 21.1. og 21.2.

21. Endurgreiðsla iðgjalda

21.1

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi, sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

21.2

Iðgjöld greiðist frá 16 ára aldri og iðgjaldagreiðslur falla niður, þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

22. Flutningur réttinda

22.1

Óheimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi, sem þeim fylgja frá sjóðnum eða til sjóðsins nema þegar að töku lífeyris kemur. Stjórn sjóðsins setur reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

23. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

23.1

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki fulltrúaráðsins og Samtaka atvinnulífsins.

24. Upplýsingaskylda.

24.1

Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um lífeyrisréttindi þau er sjóðurinn veitir með útgáfu fréttabréfs er komi út a.m.k. tvisvar á ári svo og með útgáfu á kynningarbæklingi um réttindi þau sem sjóðurinn veitir.

24.2

Á yfirlitum til sjóðfélaga sbr. gr. 10.7 eða í fréttabréfi samhliða greiðsluyfirliti skal árlega gera grein fyrir helstu niðurstöðutölum í rekstri sjóðsins, tryggingafræðilegri athugun og breytingum á samþykktum. Á yfirlitunum skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári koma fram upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga. Upplýsingar um rekstur sjóðsins skal einnig sent sjóðfélögum, sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila framangreindum yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

24.3

Með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði skal gera opinberlega grein fyrir helstu niðurstöðutölum um starfsemi sjóðsins þar sem fram komi yfirlit um rekstur og efnahag sjóðsins svo og niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar.

25. Tilhögun og fyrningu lífeyrisgreiðslna.

25.1

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi

25.2

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. réttinda vegna iðgjalda sem nemur 60.000, og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða. Er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

25.3

Sjóðsstjórn getur úrskurðað örorkulífeyri aftur í tímann í allt að tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Réttur til lífeyrisgreiðslu fynnist á 4 árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga 14/1905 um fyrningu fjárskuldbindinga.

26. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

26.1

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

27. Málsmeðferð og gerðardómur.

27.1

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómur skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafa, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður, við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardóminum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

V. kafli. Séreignardeild.

Gr. 28

28. Séreignardeild.

28.1

Séreignardeild lýtur sömu stjórn og aðrar deildir sjóðsins. Rekstur séreignardeildar, sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds skal vera fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

28.2

Þeir sem greiða vilja til séreignardeildarinnar, skulu gera um það skriflegan samning og felst í honum yfirlýsing um, að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins. Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. Heimilt er að segja samningi upp með tveggja mánaða fyrirvara. Greiði sá sem segir upp samningi, ekki til lágmarkstryggingaverndar lífeyrissjóðsins, tekur uppsögnin þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs, sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar, enda varðar samningur ráðstöfun á lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr. laga nr. 129/1997.

Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en um flutning fer samkvæmt gr. 28.9. Greiði aðili ekki iðgjald vegna lágmarkstryggingaverndar til sjóðsins skal leita staðfestingar aðildar viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði, sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar,

28.3

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en réttthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. gr. 28.3.1, 28.3.2 og 28.3.3. Um heimild til endurgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði gr. 21.1.

28.3.1

Þegar réttthafi er orðinn 60 ára, er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta, að vali réttthafa með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á lengra tímabili.

28.3.2

Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Ef inneign réttthafa er lægri en 500.000 kr. skal samkvæmt ósk greiða réttthafa hana á skemmri tíma en mælt er fyrir um í 11. gr. laga nr. 129/1997 eða í eingreiðslu óski hann þess. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

28.3.3

Deyi réttthafi áður en innstæðan er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

28.4

Með jöfnum greiðslum skv. gr. 28.3.1 og 28.3.2. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að réttthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni, að meðtöldum vöxtum, sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan

samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði gr. 28.3.2. um lágmarkstíma, eða til æviloka réttthafa.

28.5

Stjórn sjóðsins er heimilt, að fenginni skriflegri beiðni einstakra réttthafa að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra, upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- og/eða heilsutryggingar. Lífeyrissjóðurinn skal vera aðili að samningum um slíkar tryggingar og komi til greiðslu tryggingarfjár til réttthafa skal hún greidd réttthafa í samræmi við 11. gr. laga nr. 129/1997.

28.6

Framlög hvers sjóðfélaga í séreignardeild skulu færð á sérreikning hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum, sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum og draga frá rekstrarkostnað.

28.7

Framlag í séreignardeild gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skulu greiðslur reiknast í samræmi við réttindi hvers og eins. Réttindi vegna greiðslna miðast við greiðsludag.

28.8

Ekki verður gerð aðför að réttindum í séreignardeild og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

28.9

Nú óskar réttthafi eftir að flytja inneign sína til annars aðila og er honum þá heimilt að flytja inneign sína eða réttindi sín, að undangenginni uppsögn til vörsluaðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, að frádregnum kostnaði, sem nemur allt að einu prósentu af inneign viðkomandi sjóðfélaga.

28.10

Sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins sem er réttthafi í séreignardeild sjóðsins er heimilt að verja innstæðu til öflunar ævilangs ellilífeyrisréttar í valdeild. Fyrir hverja 1.000.000 séreignar er aflað ellilífeyrisréttinda samkvæmt töflu V6. Kaup réttinda fara fram við upphaf töku ellilífeyris og er óafturkræf. Að öðru leiti fer um lífeyrir samkvæmt gr. 15.1. og 15.2. og ákvæðum III. kafla eftir því sem við geta átt.

VI. kafli. Eftirlit og breytingar á samþykktum.

Gr. 29-34

29. Eftirlit.

29.1

Fjármáleftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og 87/1998.

30. Samningar við tryggingafélög um líf- og/eða heilsutryggingar.

30.1

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við tryggingafélag um líf- og/eða heilsutryggingar fyrir einstaka hópa sjóðfélaga, enda komi til sérstakt iðgjald vegna tryggingarinnar og greiðslu kostnaðar, sem til kann að falla vegna hennar, þannig að slík þjónusta greiðist ekki af 10% skylduiðgjaldi sjóðfélaga.

31. Breytingar á samþykktunum.

31.1

Tillögur að breytingum á ákvæðum, sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda annars vegar og 2/3 hluta stéttarfélaga hins vegar eða með kjarasamningi aðila. Um atkvæðavægi samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga hvers fyrir sig fer eftir gr. 5.2.1. og 5.2.2., ef tillögur til breytinga koma fram sem ekki hafa verið samþykktar í kjarasamningum.

31.2

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins fyrir 15. janúar ár hvert. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarsamtökum sjóðsins tillögurnar til kynningar. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg athugun á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og þær auglýstar þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

31.3

Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi, og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

31.4

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera þær breytingar á samþykktum þessum sem leiða beinlínis af lögum eða eru nauðsynlegar til þess að sjóðurinn geti fengið breytingar á samþykktum staðfestar.

32. Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 25. mars 2010

Þrátt fyrir ákvæði gr. 8.3 í samþykktum þessum er sjóðnum heimilt að hafa allt 15% mun á milli eignarliða og skuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2009, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sínum.

33. Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 17. mars 2009.

33.1

Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. samþykktanna er sjóðnum heimilt, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laga nr. 129/1997, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem við gildistöku ákvæðis þessa nemur allt að 1.000.000 kr., skv. ákvæði 3. gr. laga nr. 13/2009. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá sjóðnum. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. er að ræða. Óski réttthafi eftir útgreiðslu skv. þessari grein skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá sjóðnum. Ef réttthafi á séreignarsparnað hjá fleiri vörsluaðilum skal hann gera grein fyrir því.

33.2

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. apríl 2011 er sjóðnum heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar að uppfylltum skilyrðum.

Frestum skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir réttthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Um frestun gilda að öðru leyti ákvæði b liðar 3 gr. laga nr. 13/2009.

34. Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 25. mars 2010.

34.1

Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. samþykktanna er sjóðnum heimilt, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laga nr. 129/1997, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem 1. janúar 2010 nemur samanlagt allt að 2.500.000 kr., skv. ákvæði 42. gr. laga nr. 130/2009. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í 23 mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 2.500.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar réttthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 2.500.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli bráðabirgðaákvæðis 33. gr. samþykktanna þessara.

Greiðslum samkvæmt gr. 33 skal vera lokið áður en greiðslur hefjast samkvæmt ákvæði þessu.

35. Gildistaka.

35.1

Samþykktir þessar taka gildi 30. júní 2010 og koma í stað eldri samþykta. Breytingar sem leiða af lögum nr. 171/2008, sem tóku gildi 1. janúar 2009, voru færðar í samþykktir þessar samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar þann 4. mars 2009. Breytingar sem leiða af lögum nr. 13/2009, sem tóku gildi 13. mars 2009, voru færðar í samþykktir þessar samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar þann 17. mars 2009. Breytingar sem leiða af lögum nr. 130/2009, sem tóku gildi 1. janúar 2010, voru færðar í samþykktir þessar samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar þann 25. mars 2010.

REG31

Reykjavík, 1. júní 2010

Auður Hallgrímsdóttir

Georg Páll Skúlason

Gylfi Ingvarsson

Haraldur Þór Ólason

Sveinbjörn Hjálmarsson

Þorbjörn Guðmundsson

Samþykktir Sameinaða lífeyrissjóðsins

Réttindatöflur

REG 31

Tafla T1a. Segir til um árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna ársiðgald.

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	2.993	26	1.921	36	1.396	46	1.092	56	867
17	2.851	27	1.850	37	1.361	47	1.066	57	849
18	2.712	28	1.785	38	1.327	48	1.041	58	831
19	2.585	29	1.724	39	1.294	49	1.016	59	814
20	2.468	30	1.667	40	1.263	50	992	60	798
21	2.360	31	1.613	41	1.233	51	968	61	781
22	2.260	32	1.564	42	1.204	52	945	62	762
23	2.166	33	1.518	43	1.176	53	922	63	745
24	2.078	34	1.476	44	1.148	54	900	64	727
25	1.997	35	1.435	45	1.121	55	879	65	709
								66	690

Tafla T1b. Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til 64 ára sbr. töflu T1a eða 1.203 krónur fyrir hvert 10.000 króna ársiðgald.

Tafla T2. Taflan sýnir réttindi fyrir 10.000 kr. iðgald sem greitt er til sjóðsins sem eingreiðsla. Ekki eru innifalin réttindi til framreiknings eða fjölskyldubóta með eingreiðslu.

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	3.292	26	2.272	36	1.632	46	1.240	56	993
17	3.164	27	2.194	37	1.584	47	1.211	57	972
18	3.045	28	2.119	38	1.537	48	1.182	58	949
19	2.933	29	2.049	39	1.493	49	1.158	59	924
20	2.825	30	1.982	40	1.450	50	1.131	60	901
21	2.722	31	1.917	41	1.411	51	1.107	61	877
22	2.623	32	1.854	42	1.373	52	1.082	62	848
23	2.528	33	1.795	43	1.338	53	1.061	63	818
24	2.438	34	1.741	44	1.304	54	1.038	64	787
25	2.353	35	1.686	45	1.272	55	1.016	65	747
								66	691

Tafla T3. Lífeyrisréttur sem hlutfall af lífeyri við 67 ára aldur ef töku lífeyris er flýtt eða seinkað.

65	85%
66	92%
67	100%
68	108%
69	117%
70	126%

Tafla T4. Aldursháð réttindaöflun eftir að 67 ára aldri er náð í Tryggingadeild. Taflan sýnir árlegan lífeyri fyrir 10.000 kr. iðgald.

67	744
68	769
69	792

Tafla V1. Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. ársiðgjald

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	4.518	26	3.109	36	2.094	46	1.439	56	1.003
17	4.363	27	2.989	37	2.015	47	1.387	57	968
18	4.207	28	2.874	38	1.939	48	1.338	58	934
19	4.054	29	2.763	39	1.866	49	1.290	59	901
20	3.906	30	2.656	40	1.796	50	1.245	60	870
21	3.763	31	2.551	41	1.730	51	1.201	61	840
22	3.623	32	2.452	42	1.667	52	1.158	62	811
23	3.489	33	2.357	43	1.607	53	1.117	63	784
24	3.357	34	2.266	44	1.547	54	1.077	64	758
25	3.231	35	2.178	45	1.492	55	1.039	65	734
								66	682

Tafla V2. Frestun og flýting, ellilífeyrir sem hundradshluti af lífeyri miðað við töku 67 ára

60	60	66	92	71	140
61	65	67	100	72	154
62	69	68	108	73	170
63	74	69	118	74	188
64	80	70	128	75	209
65	86				

Tafla V3. Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi með örorkutryggingu fyrir 10.000 kr. ársiðgjald

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	3.315	26	2.408	36	1.672	46	1.164	56	839
17	3.223	27	2.326	37	1.612	47	1.126	57	817
18	3.128	28	2.245	38	1.553	48	1.087	58	795
19	3.033	29	2.165	39	1.497	49	1.049	59	776
20	2.940	30	2.087	40	1.444	50	1.015	60	759
21	2.846	31	2.013	41	1.393	51	981	61	744
22	2.757	32	1.940	42	1.343	52	949	62	731
23	2.667	33	1.869	43	1.296	53	920	63	719
24	2.579	34	1.802	44	1.249	54	891	64	711
25	2.494	35	1.736	45	1.207	55	865	65	705
								66	673

Tafla V4. Taflan sýnir makalífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. ársiðgjald.

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	7.825	26	5.332	36	3.544	46	2.510	56	1.940
17	7.556	27	5.107	37	3.416	47	2.432	57	1.916
18	7.293	28	4.896	38	3.293	48	2.349	58	1.899
19	7.036	29	4.692	39	3.179	49	2.280	59	1.881
20	6.778	30	4.493	40	3.072	50	2.219	60	1.886
21	6.532	31	4.306	41	2.968	51	2.160	61	1.904
22	6.298	32	4.130	42	2.866	52	2.104	62	1.935
23	6.070	33	3.962	43	2.770	53	2.054	63	1.988
24	5.826	34	3.813	44	2.676	54	2.009	64	2.067
25	5.572	35	3.678	45	2.592	55	1.972	65	2.177
								66	2.321

Tafla V5. Taflan sýnir makalífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. ársiðgjald. Lífeyrir greiðist fyrst við 67 ára aldur maka.

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	11.773	26	8.238	36	5.681	46	3.899	56	2.684
17	11.368	27	7.937	37	5.480	47	3.754	57	2.595
18	10.973	28	7.654	38	5.278	48	3.617	58	2.518
19	10.596	29	7.374	39	5.084	49	3.480	59	2.455
20	10.225	30	7.103	40	4.898	50	3.353	60	2.396
21	9.868	31	6.841	41	4.718	51	3.225	61	2.349
22	9.525	32	6.592	42	4.543	52	3.105	62	2.318
23	9.193	33	6.347	43	4.376	53	2.989	63	2.309
24	8.864	34	6.118	44	4.209	54	2.881	64	2.324
25	8.544	35	5.898	45	4.053	55	2.778	65	2.372
								66	2.456

Tafla V6. Ævilangur ellilífeyrir pr. 1.000.000 kr. séreign sem varið yrði til ellilífeyriskaupa í valdeild.

Aldur	á ári	
	karl	kona
62	68.649	62.723
63	70.734	64.414
64	72.970	66.226
65	75.371	68.170
66	77.949	70.259
67	80.722	72.505
68	83.706	74.924
69	86.920	77.533
70	90.386	80.349

REGLUR UM ÚTHLUTUN HAGNAÐAR

sbr. gr. 11.9.

1. Almenn ákvæði

Reglur þessar gilda um öflun réttinda í tryggingadeild.

2. Útreikningur og ráðstöfun hagnaðarluta

Hagnaðarluti hvers sjóðfélaga telst mismunur milli reiknaðs iðgjaldasjóðs og mats á verðmæti áunnins lífeyrisréttar sjóðfélagans í lok hvers árs samkvæmt þeim reiknigrundvelli sem notaður er til að gera réttindatöflur.

Hagnaðarluta skal ráðstafa til aukningar lífeyrisréttinda fyrir þá sjóðfélaga sem ekki hafa hafið töku lífeyris en dreift sem greiðslum yfir 12 mánaða tímabil fyrir lífeyrisþega.

3. Áhættuiðgjöld og kostnaður

Þessir liðir eru ákveðnir í samræmi við reikniforsendur sem liggja til grundvallar réttindaöflun í deildinni.

4. Hlutdeildarvextir

Stjórn sjóðsins ákveður hlutdeildarvexti fyrir hvert reikningsár að loknu ársuppgjöri og skulu þeir kynntir á aðalfundi og skulu þeir ekki vera lægri en 3,5% umfram vísitölu neysluverðs og geta numið allt að reiknaðri ávöxtun deildarinnar fyrir liðið reikningsár.

5. Ákvörðun reiknistærða

Allar reiknistærðir sem varða útreikning hagnaðarluta eru ákveðnar af stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing.

6. Gildistaka

Reglur þessar skulu gilda um úthlutun hagnaðar frá 01.01.2001.

Viðauki A.

Iðgjaldasjóður (Reserve)

Iðgjaldasjóður í enda tímabils reiknast með eftirfarandi hætti:

Iðgjaldasjóður (í upphafi tímabils) er metinn sem verðmæti réttindi sjóðfélaga í upphafi tímabils m.v. þær reikniforsendur sem lagðar eru til grundvallar réttindatöflum.

+ Innborguð iðgjöld, eingreiðslur og réttindaflutningur

- Kostnaður

- Áhættuiðgjald

- Greiddur lífeyrir

+ Hlutdeildarvextir

Iðgjaldasjóður (í enda tímabils)

Auk þess getur reiknast viðbót við iðgjaldasjóð vegna dauðsfalls eða örorku.

Iðgjaldasjóð skal reikna miðað við stöðu í lok hvers mánaðar.

Ef iðgjaldasjóður er í árslok hærri en verðmæti réttinda sjóðfélaga eða rétthafa við lok árs m.v. þær reikniforsendur sem lagðar eru til grundvallar réttindatöflum sjóðsins skal mismun varið til aukningar réttinda. Viðbót reiknast ekki við barnalífeyri eða fjölskyldubætur.

Fyrir sjóðfélaga sem ekki hafa byrjað töku lífeyris skal hagnaðarluta varið til aukningar réttinda samkvæmt gildandi réttindatöflum fyrir eingreiðslu fyrir þá tegund réttinda sem um ræðir.

Útreikningur og réttindaauki verði hinn sami hjá konum og körlum. Þannig miðast útreikningur á iðgjaldasjóð og verðmæti réttinda við sömu töflur fyrir karla og konur.

Fyrir lífeyrisþega skal mismuni dreift sem greiðslum til 36 mánaða, frá 01.07. næsta árs eftir það reikningsár sem um ræðir.

Hlutdeildarvextir

Hlutdeildarvexti skal ákveða sem vaxtafót í ^{hlutdeildarvextir} pct. p.a.

Stjórn sjóðsins ákveður vaxtafótinn og skal hann ekki vera lægri en 3,5% umfram vísitölu neysluverðs, og allt að reiknaðri ávöxtun deildarinnar fyrir liðið reikningsár.

Viðauki B.

Breytingar á áunnum lífeyrisréttindum eftir gildistöku samþykktar sjóðsins þann 1. janúar 2008:

1. 27. maí 2009; samþykkt á ársfundi 10% lækun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga og lífeyrisþega á árinu 2008 og fyrr. Lækkunin öðlast gildi frá 1. degi næsta mánaðar eftir staðfestingu samkvæmt lögum.
2. 27. maí 2010; samþykkt á ársfundi:
Lífeyrisréttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega áunnin fyrir lok árs 2009 lækka um 3,5% frá og með 1. júlí 2010 og um 3,5% frá og með 1. desember 2010.